



INNKAUPAREGLUR Vesturbyggðar

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Tilgangur

Tilgangur með reglum þessum er að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og vistvænum innkaupum og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem Vesturbyggð kaupir.

Reglum þessum er ætlað að vera lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 (hér eftir lög um opinber innkaup eða lögin) til fyllingar og útfæra nánar framkvæmd innkaupa hjá sveitarfélaginu.

2. gr.

Gildissvið

Reglur þessar gilda fyrir Vesturbyggð og allar stofnanir og deildir sem reknar eru af sveitarfélaginu sbr. ákvæði í lögum um opinber innkaup. Reglurnar taka ekki til fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins, samtaka eða samlaga sem sveitarfélagið á aðild að með öðrum sveitarfélögum, þó að lög um opinber innkaup geti gilt um þau, sbr. 3. gr. laganna.

Reglurnar taka til allra innkaupa sveitarfélagsins. Við innkaup skal enn fremur fylgt lögum um opinber innkaup og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993, sem og öðrum lögum og reglugerðum sem kunna að vera settar og ná til sveitarfélaga.

3. gr.

Samningar sem innkaupareglurnar taka til

Innkaupareglur þessar taka til samninga um fjárhagslegt endurgjald sem sveitarfélagið gerir við einn eða fleiri utanaðkomandi aðila og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu í skilningi laga um opinber innkaup.

4. gr.

Samningar undanþegnir ákvæðum innkaupareglanna

Innkaupareglur þessar taka ekki til samninga sem undanþegnir eru ákvæðum laga um opinber innkaup, s.s.:

- Þjónustusamninga er varða atriði sem tilgreind eru í 11. gr. laga um opinber innkaup. Meðal þeirra eru vinnusamningar, lánsamningar, samningar um kaup eða leigu á jörðum eða fasteignum, tiltekin fjármála- og lögfræðiþjónusta, almannavarnir og tiltekin forvarnaþjónusta, tilteknar rannsóknir og þróun á þjónustu, sbr. nánar ákvæði 11. gr. laganna.
- Samninga aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu, sbr. 9. gr. laga um opinber innkaup. Um slíka samninga gildir reglugerð nr. 340/2017 um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu.
- Samninga sem gerðir eru á grundvelli einkaréttar eða sérleyfis, skv. 12. gr. laganna.
- Samninga milli opinberra aðila á grundvelli 13. gr. laganna.
- Þjónustusamninga sem í raun eru styrktarsamningar.

Um opinbera samninga um félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu fer skv. 92. gr. laga um opinber innkaup, sbr. reglugerð nr. 1000/2016 um innkaup sem falla undir félagsþjónustu og aðra sértæka þjónustu samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Að öðru leyti vísast til laga um opinber innkaup.

5. gr.

Meginreglur við innkaup

Gæta skal jafnræðis, meðalhófs og gagnsæis við innkaup. Óheimilt er að mismuna aðilum á grundvelli þjóðernis eða takmarka samkeppni með óeðlilegum hætti. Viðeigandi ráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í innkaupaferli til að tryggja jafnræði.

Það telst ekki andstætt jafnræði að áskilja að vara sé afhent, þjónusta veitt eða verk unnið á tilteknum stað, enda byggist slíkur áskilnaður á málefnalegum ástæðum.

II. kafli. Ábyrgð, umsjón og eftirfylgni með innkaupum

6. gr.

Ábyrgð á innkaupum

Bæjarstjóri í umboði bæjarstjórnar Vesturbyggðar ber ábyrgð á innkaupum sveitarfélagsins. Sviðsstjórar bera ábyrgð á að innkaup sviða séu í samræmi við innkaupastefnu, innkaupareglur og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Ábyrgðin nær til innkaupa stofnana sem undir hvern sviðsstjóra heyra. Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á innkaupum sinna stofnana í umboði sviðsstjóra. Stjórnsýslu- og fjármálasvið ber ábyrgð á innkaupum sem heyra undir fleiri en eitt svið.

7. gr.

Umsjón með innkaupum

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins, sbr. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Bæjarstjóra er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar ef svo ber undir.

Sviðsstjórum er heimilt að stofna til útgjalda fyrir hönd sveitarfélagsins innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni og bera þeir ábyrgð á innkaupum sinna stofnana og deilda. Sviðsstjórar geta veitt einstökum starfsmönnum heimild til að stofna til útgjalda. Öllum sem heimild hafa til að stofna til útgjalda ber að staðfesta að þeir hafi kynnt sér efni innkaupareglna sveitarfélagsins og að þeir muni fylgja þeim við innkaup. Sveitarfélagið heldur skrá yfir þá starfsmenn sem hafa heimild til að stofna til útgjalda og ber sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ábyrgð á að viðhalda skránni.

Sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs sveitarfélagsins sér um útboð og samninga á verklegum framkvæmdum sveitarfélagsins.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs sér um og hefur frumkvæði að því að samræma innkaup sveitarfélagsins þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins hafa almenn not fyrir.

8. gr.

Stuðningur, eftirfylgni og samræming innkaupa

Innkaupamál skulu tekin upp á reglulegum sviðsstjórafundum þegar á þarf að halda. Bæjarstjóri boðar og stýrir sviðsstjórafundum og ber ábyrgð á því að innkaupamál séu tekin reglulega fyrir.

Sviðsstjórar skulu fylgjast með innkaupum, hver á sínu sviði og vera forstöðumönnum til aðstoðar við innkaup og framfylgd innkaupareglna. Þeir skulu stuðla að og fylgjast með samræmingu innkaupa innan sinna sviða. Sviðsstjórar skulu leitast við að samræma innkaup milli allra sviða og stofnana sveitarfélagsins og fylgjast með því að upplýsingar séu tiltækar um innkaup.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs sér um að tiltækar séu upplýsingar um heildarinnkaup, og að þær berist viðkomandi sviðsstjórum, forstöðumönnum stofnana og öðrum eftir atvikum.

III. kafli. Undirbúningur innkaupa

9. gr.

Mat á þörf fyrir innkaup

Áður en ákvörðun er tekin um innkaup, útboð undirbúið eða samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu innan viðmiðunarfjárhæða, skal viðkomandi sviðsstjóri greina þörfina fyrir innkaupunum og hverjar eru ástæður þess að þörfin verður ekki uppfyllt með öðrum leiðum. Greiningin skal sett fram í minnisblaði sem vistað er í málaskrá sveitarfélagsins.

10. gr.

Skilgreining innkaupa og upplýsingagjöf

Skilgreina skal vel það sem á að kaupa. Þar sem seljendum er gefið svigrúm til að útvega vöru eða þjónustu, eða til að framkvæma verk, skulu þarfir sveitarfélagsins skilgreindar nákvæmlega og þau skilyrði sem vara, verk eða þjónusta á að uppfylla. Setja skal fram forsendur um gæði, umhverfisáhrif og vistferilskostnað eins og kostur er í minnisblaði sem vistað er í málaskrákerfi sveitarfélagsins.

Við innkaup og innkaupapöntun skal enn fremur tilgreina hver pantar, hvaða svið eða stofnun viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir og önnur þau atriði sem máli skipta.

11. gr.

Val á aðferð við innkaup

Við innkaup skal ávallt kanna fyrst hvort mögulegt sé að kaupa inn á grundvelli rammisamnings, sbr. 40. gr. laganna. Almennt er óheimilt að nýta aðrar innkaupaaðferðir ef innkaup á grundvelli rammisamnings eru möguleg.

Áður en ákvörðun er tekin um aðrar innkaupaaðferðir og samið um framkvæmd verks, kaup á vöru eða veitingu þjónustu, skal lagt mat á hvaða aðferð henti við innkaupin, með tilliti til eðlis og umfangs þeirra, sbr. einnig önnur ákvæði reglna þessara. Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs veitir leiðbeiningar um innkaup sveitarfélagsins.

Við innkaup samkvæmt reglum þessum skal einkum nota eftirfarandi aðferðir ef rammisamningar eru ekki tiltækir:

- Verðfyrirspurn
- Almennt útboð
- Örutboð

Að höfðu samráði við sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs er heimilt að viðhafa aðrar innkaupaaðferðir sem lýst er í IV. kafla laga um opinber innkaup sé það talið líklegra til árangurs.

12. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir

Þegar áætlað virði samnings er á eftirfarandi verðbili er skylt að viðhafa verðfyrirspurn:

Vöru- og þjónustusamningar	1.000.000 – 15.500.000 kr.
Verksamningar	15.500.000 – 49.000.000 kr.

Þegar áætlað virði samnings fer yfir eftirfarandi fjárhæð er skylt að viðhafa útboð innanlands sbr. III. kafla laga um opinber innkaup:

Vöru- og þjónustusamningar	15.500.000 kr.
Verksamningar	49.000.000 kr.

Þegar áætlað virði samninga fer yfir eftirfarandi fjárhæð er skylt að viðhafa útboð á Evrópska efnahagssvæðinu:

Vöru- og þjónustusamningar	28.752.100 kr.
Verksamningar	721.794.800 kr.

Allar viðmiðunarfjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Viðmiðunarfjárhæðir um útboð bæði innanlands og á EES svæðinu fara eftir lögum um opinber innkaup. Uppfæra þarf innkaupareglurnar þegar viðmiðunarfjárhæðir laganna breytast. Sé misræmi milli innkaupareglna og laga um opinber innkaup gilda viðmiðunarfjárhæðir laganna.

13. gr.

Útreikningur á virði samninga og skipting innkaupa

Við útreikning á áætluðu virði samnings skal fara eftir III. kafla laga um opinber innkaup.

Mikilvægt er við útreikning að tekið sé tillit til áætlaðra heildarfjárhæðar innkaupa allra sviða, deilda eða stofnana sveitarfélagsins, nema þær beri sjálfstæða ábyrgð á innkaupum sínum eða tilteknum tegundum þeirra.

Útreikningur skal miðast við þann tíma þegar útboðsauglýsing er send til opinberrar birtingar eða þegar sveitarfélagið hefst handa við innkaupaferli við þær aðstæður að ekki er skylt að tilkynna opinberlega um innkaup.

Óheimilt er að gera ótímabundna samninga.

14. gr.

Verðfyrirspurn

Verðfyrirspurnir skulu vera skriflegar og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með tölvupósti. Öll gögn sem verða til skulu vistuð í málaskrákerfi sveitarfélagsins.

Fyrirspurnir skulu að lágmarki sendar til tveggja aðila.

Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forendum en verði einu saman. Samanburðarskjal verðupplýsinga skal gert og þátttakendur skulu upplýstir um val á viðsemjanda.

15. gr.

Undantekningar frá fyrirspurn og útboði

Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs er heimilt að veita undanþágu frá verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður eða þjónusta fæst eingöngu hjá einum aðila. Skulu slíkar undanþágur vera í samræmi við lög um opinber innkaup.

IV. kafli. Framkvæmd og eftirfylgni

16. gr.

Meðferð samninga vegna innkaupa

Allir samningar um innkaup á verkum, vöru og þjónustu skulu vera skriflegir og skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun. Samningar um innkaup skulu vistaðir í málaskrákerfi sveitarfélagsins.

17. gr.

Fræðsla og þjálfun innkaupafólks

Til að efla færni starfsfólks sveitarfélagsins og þjálfun á sviði innkaupa fær starfsfólkið fræðslu og þjálfun, sem sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs setur fram.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ber ábyrgð á að innkaupareglur þessar verði uppfærðar þegar þörf krefur.

18. gr.

Mælikvarðar og endurmat

Bæjarstjóri í umboði bæjarstjórnar setur í upphafi kjörtímabils markmið um árangur innkaupa í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í innkaupamálum og skilgreinir mælikvarða til að meta árangurinn. Sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslusviðs fylgir markmiðum eftir, metur hvernig til hefur tekist við að framfylgja stefnunni og sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga, sbr. 8. gr. reglna þessara.

V. kafli. Önnur ákvæði

19. gr.

Hæfis- og siðareglur

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum, sem og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins, skulu gæta að almennum hæfis- og siðareglum er gilda um starfsemi sveitarfélagsins.

Ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktar um stjórn sveitarfélagsins um hæfi gilda um ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt innkaupareglum þessum.

20. gr.

Tengdir aðilar

Almennt eru tengdir aðilar aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins. Makar þessara aðila, ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig hér undir ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið heldur skrá yfir tengda aðila og ber sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs ábyrgð á að uppfæra skrána.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila skulu vera á sömu forsendum og þegar um óskylda aðila er að ræða, s.s. varðandi einingaverð. Að öðru leyti gilda ákvæði 19. gr. um hæfis- og siðareglur.

21. gr.

Trúnaðarskylda

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum, sem og aðrir fulltrúar sveitarfélagsins, skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmuna sveitarfélagsins og stofnana þess, eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls.

22. gr.

Kærur og kvartanir

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup getur aðili borið fram kæru í samræmi við XI. kafla laga um opinber innkaup.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamál hjá sveitarfélaginu sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ætíð heimilt að beina erindi þar um til bæjarráðs. Slík kvörtun skal berast skriflega innan fjögurra vikna frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.

23. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar af bæjarstjórn Vesturbyggðar og voru staðfestar á 366. fundi bæjarstjórnar þann 15. desember 2021. Á sama tíma falla úr gildi Innkaupareglur Vesturbyggðar sem staðfestar voru á 249. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar 15. ágúst 2012.

Vesturbyggð , 15.12.2021

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri